

## SPÆN1AA05 - Byrjunaráfangi

*Enginn undanfari*

*Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun.*

*Áhersla er lögð á að kenna spænskan framburð, munnleg samskipti, uppbyggingu orðaforða og að þjálfa grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa.*

*Nemendur læra...*

- *að heilsa og kveðja, spyrja og svara einföldum spurningum, til dæmis um líðan sína og annarra, búsetu og aldur.*
- *að kynna sjálfa sig og aðra, þau læra að tala um fjölskyldu og fjölskyldutengsl, störf, þjóðerni, lönd og tungumál.*
- *hvernig á að tala um tímasetningar, klukkuna og tölur, daga, mánuði og árstíðir, auk þess að tala um veðrið.*
- *orðaforða um hús og híbýli, liti, lýsingarorð og staðsetningar.*
- *að lesa einfalda texta, sem innihalda algengan orðaforða, sem tengist þeim sjálfum, umhverfi og fjölskyldu.*
- *að skilja einföld samtöl þegar talað er hægt og skýrt um efni áfangans.*
- *að skrifa stutta texta um sig, fjölskyldu sína og umhverfi sitt.*